

71. ársþing HSS haldið á Hótel Laugarhóli fimmtudaginn 3. maí 2018 kl. 19:30. 22 fulltrúar frá sjö aðildarfélögum sóttu þingið; Umf. Geisla, Umf. Neista, Umf. Leifi heppna, Skíðafélagi Strandamanna, Golfklúbbi Hólmavíkur, Umf. Hvöt og Sundfélaginu Gretti. Auk fulltrúa frá félögum sat gestur frá ÍSí fundinn.

Hótel Laugarhóli fimmtudaginn 3. maí kl. 19:30

Dagskrá þingsins:

1. Þingsetning
2. Tilnefning fundarstjóra, varafundarstjóra, og tveggja fundarritara
3. Skipun kjörbréfanefndar
4. Skýrsla stjórnar
5. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
6. Ávarp gesta
7. Kosning nefnda þingsins
 - a. Uppstillingarnefnd
 - b. Fjárhagsnefnd
 - c. Íþróttanefnd
 - d. Allsherjar og laganefnd
8. Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda
9. Nefndarstörf
10. Nefndarálit, umræður og atkvæðagreiðslur
11. Kosningar
 - a. Stjórn og varastjórn
 - b. Tveir endurskoðendur og tveir til vara.
 - c. Ráð og nefndir skv. gildandi samþykktum og reglugerðum.
12. Önnur mál
13. Þingslit

Fulltrúafjöldi félaga:

Fulltrúafjöldi aðildarfélaga árið 2018 er eftirfarandi:

- Umf. Geislinn..... 19
- Skíðafélag Strandamanna..... 8
- Umf. Neisti..... 8
- Umf. Hvöt..... 5
- Umf. Leifur Heppni..... 6
- Sundfélagið Grettir..... 5
- Golfklúbbur Hólmavíkur..... 4

1. Þingsetning

Formaður HSS, Vignir Örn Pálsson setti fundinn og bauð þingfulltrúa og gesti þingsins velkomna. Gestur þingsins var Garðar Svansson frá ÍSÍ.

2. Tilnefning fundarstjóra, varafundarstjóra og tveggja fundarritara

Vignir tilnefndi Jóhann Björn Arngrímsson sem fundarstjóra og Björn Torfason sem varafundarstjóra. *Samþykkt samhljóða.*

Þá gerði formaður tillögu um Aðalbjörgu Óskarsdóttur og Hörpu Óskarsdóttur sem fundarritara. *Samþykkt samhljóða.*

Jóhann Björn tók við fundarstjórn og þakkaði fyrir traustið.

3. Skipun kjörbréfanefndar

Jóhann Björn lagði fram tillögu um að Ragnar Bragason, Júlíus Jónsson og Bjarnheiður Fossdal skipuðu kjörbréfanefnd. *Samþykkt samhljóða.*

Kjörbréfanefnd tók til starfa og tók Ragnar við kjörbréfum.

4. Skýrsla stjórnar

Vignir Örn Pálsson formaður las skýrslu stjórnar og fór í grófum dráttum yfir starf sambandsins síðastliðið starfsár. Skýrsla stjórnar var svohljóðandi:

Stjórn HSS var þannig skipuð sl- starfsár. Formaður Vignir Örn Pálsson, varaformaður Ragnar Bragason, gjaldkeri Dagbjört Torfadóttir, ritari Hrafnhildur Þorsteinsdóttir og Guðbjörg Hauksdóttir meðstjórnandi.

Íþróttastarf: Badmintonmót fór fram 4. mars, Borðtennismót 14. apríl. Körfuknattleiksdeild Vestra hélt opna æfingu á Hólmavík 5. maí fyrir krakka í 6 – 10 bekk. 8 strákar og 13 stelpur komu að vestan.

Hólmadrangshlaupið fór fram á Hólmavíkur 15. júní. Pollamót HSS 14 ára og yngri var haldið á Hólmavík í tengslum við Hamingjudagana. Héraðsmót HSS í frjálsum fór fram sunnudaginn 16. júlí á Sævangsvelli. Barnamót HSS í frjálsum fór fram 17. ágúst á Skeljavíkurgundum í samstarfi við umf. Geislann. Nokkrir krakkar frá HSS tóku þátt í Samvestmóti í Borgarnesi 9. júlí.

5 keppendur frá HSS tóku þátt í Landmóti UMFÍ 50+ í Hveragerði, 4 kepptu í bridge og 1 í frjálsum.

4 krakkar fóru til keppni á Unglingalandsmóti UMFÍ á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina. Kepptu þau í fótbolta, körfubolta og frjálsum. Náðu mörg þeirra góðum árangri á mótinu.

Silfurleikar IR fóru fram laugardaginn 18. nóvember síðast liðinn. 8 keppendur frá HSS mættu í Laugardalshöllina.

Fundir:

Súpufundur var haldinn í Félagsheimilinu á Drangnesi þriðjudaginn 28. Febrúar.

Dagskrá fundarins:

1. Elías Atlason frá ÍSÍ kynnir efni frá ÍSÍ og kynnir nýja útgáfu af Felix félagaforriti íþóttahreyfingarinnar.
2. Súpa í boði HSS framreidd af Aðalbjörgu Óskarsdóttur og Guðbjörgu Hauksdóttur.
3. Pistill frá Form. HSS um starfið síðustu misseri og framundan.
4. Umræður um tillögu umf. Hvatar að skoða sameiningu félaga á svæði HSS.
5. Önnur mál.

Gestir fundarins frá ÍSÍ voru Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ og Elías Atlason.

Elías kom einnig í heimsókn í mars með námskeið um Felixkerfið.

Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri ÍSÍ, Lárusar Blöndal forseti ÍSÍ og Líney Rut framkvæmdastjóri ÍSÍ og fylgdarlið komu til okkar í heimsókn s.l. haust. Lárus og fylgdarlið hittu okkur fyrst út í Golfskála Golfklúbbs Hólmavíkur á Skeljavíkurgundum síðan var farið í bíltúr inní

Skíðaskála Skíðafélags Strandamanna og síðan litið við í Íþróttamiðstöðinni á Hól mavík. Hópurinn endaði síðan heimsóknina í súpu á Galdrasafninu.

Vignir Pálsson fór á sambandsþing UMFÍ að Hallormsstað í október. Vignir Pálsson fór á formannafund ÍSÍ í nóvember.

Fundarstjóri, Jóhann Björn, leggur til að umræða um skýrslu verði gerð jafnhliða umræðu um reikninga.

5. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar

Í fjarveru gjaldkera gerir formaður, Vignir Örn Pálsson, grein fyrir reikingum.

Upp kom villa í ársreikningum og því nýjum gjaldkera falið að skoða þá.

Margrét Ólöf spurði um þátttökugjöld í mótum. Henni þykir þau svo lág. Vignir segir að það séu gjöld á mót utan héraðs sem HSS greiðir.

Eiríkur spyr hvort hægt sé að samþykkja rekstrarreikning sem er ekki villulaus. Fundarstjóri sagði að hægt væri að leggja fram tillögu um að samþykkja þá með fyrirvara svo hægt sé að ljúka þingi.

Það kom tillaga um að samþykkja reikninga með fyrirvara um lagfæringar. *Samþykkt*

Engin umræða var um skýrslu stjórnar. Skýrsla stjórnar *samþykkt*.

3.2. Úrskurður kjörbréfanefndar

Ragnar Bragason, formaður kjörbréfanefndar, gerði grein fyrir kjörbréfum.

- Frá Geislanum: Eiríkur Valdimarsson, Barbara Ósk Guðbjartsdóttir, Júlíus Jónsson, Friðrik Heiðar Vignisson, Harpa Óskarsdóttir, Íris Ósk Ingadóttir
- Frá Sundfélaginu Gretti: Ingi V. Ingimarsson, Árni Þór Baldursson, Birna Ingimarsdóttir.
- Frá Ungmennafélaginu Neista: Óskar Torfason, Aðalbjörg Óskarsdóttir, Margrét Ólöf Bjarnadóttir, Sigurbjörg Halldóra Halldórsdóttir og Guðbjörg Hauksdóttir.
- Frá Leifi Heppna: Bjarnheiður Júlía Fossdal og Björn Torfason

- Frá Skíðafélagi Strandamanna: Rósmundur Númason, Vignir Örn Pálsson og Ragnar Bragason
- Frá Umf Hvöt: Sigríður Drífa Þórólfsdóttir
- Frá Golfklúbba Hólmavíkur: Jóhann Björn Arngrímsson og Birna Richardsdóttir

Ingólfur Árni Haraldsson og Finnur Ólafsson voru á kjörbréfum Grettis en forfölluðust.

Athugasemd var gerð við að Harpa og Íris væru ekki félagar í Geislanum og lögð var fram tillaga að þær fengju að sitja fundinn sem fulltrúar Geislans. *Samþykkt*

Kjörbréf samþykkt

Ávarp gesta

Garðar Svansson frá ÍSí er gestur þingsins og þakkar kærlega fyrir að vera hér. Hann er ánægður með starf á svæðinu, sérstaklega skíðasvæðið. Einnig er hann ánægður með að sjá að það er fríbí golfvöllur á Drangsnosi. Það er allt til alls á svæðinu.

Garðar minnir á að ef einhver félög eiga eftir að skila í Felic að gera það. Það verður lögð fram tillaga á næsta þingi ÍSí að þau félög sem ekki skili fari í keppnisbann. Alltaf hægt að leita á skrifstofuna en vandkvæði koma upp.

Í haust verður landsfundur um skipulagsmál íþróttahreyfingarinnar. Ferðasjóður íþróttafélaga er of lítill en mikil þörf er á ferðasjóðnum.

Forvarnardagur verður í október. Mikilvægi þjálfarans í m.a. uppeldi. Hægt er að fá fyrirlestur út á land. Garðar minnir á að félög vinni að því að verða Fyrirmyndafélög.

Kvennahlaupið verður nú á Sjómannadaginn og vonast ÍSí eftir að að hlaupið verði sett inn í dagskrá í bæjarfélögum. Meðal almenningsíþróttar er: Norræna skólahlaupið, hjólum í skólann. Hjólum í vinnuna.

Garðar minnir líka á að félög eiga að skila inn skýrslum aðildarfélaga.

Garðar segir fundarmönnum að heimsækja Laugardalinn. Það er mikilvægt að fá upplýsingar frá aðildarfélögum.

Á morgun (4.maí) er vorfundur UMFÍ og það væri gott að fá fulltrúa héðan.

Garðar þakkar Vigni kærlega gott samstarf og er viss um að Ísfirðingar bíði spenntir eftir að fá hann.

7. Kosning nefnda þingsins

a. Uppstillingarnefnd: Vignir Örn Pálsson, Bjarnheiður Fossdal, Rósmundur Númason, Eiríkur Valdimarsson, Árni Þór Baldursson.

b. Fjárhagsnefnd: Ragnar Bragason, Óskar Torfason, Margrét Ólöf Bjarnadóttir, Jóhann Björn Arngrímsson, Birna Richardsdóttir.

c. Íþróttanefnd: Júlíus Jónsson, Sigríður Drífa Þórólfsdóttir, Birna Ingimarsdóttir, Íris Ósk Ingadóttir, Barbara Guðbjartsdóttir, Ingi Vífill Ingason, Harpa Óskarsdóttir, Friðrik Heiðar Vignisson, Sigurbjörg Halldóra Halldórsdóttir.

d. Allsherjar- og laganefnd: Björn Torfason, Guðbjörg Hauksdóttir, Aðalbjörg Óskarsdóttir

Samþykkt

8. Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda

- a. Engar tillögur voru lagðar fram til Uppstillingarnefndar
- b. Engar tillögur voru lagðar fram til Fjárhagsnefndar
- c. Íþróttanefnd. Tillaga var lögð fram með mótum ársins.
- d. Engar tillögur voru lagðar fram til Allsherjar- og laganefndar.

Kaffihlé í 15 mín

9. Nefndarstörf umræður og atkvæðagreiðslur

Fundarstjóri segir að Uppstillingarnefnd hafi ekki lokið störfum og fara þau afsíðis. Fundarstjóri leggur til að byrja á allsherjar- og laganefnd og býður formanni hennar að gera grein fyrir störfum.

Björn Torfason formaður Allsherjar- og laganefndar kemur í pontu og tilkynnir að engar tillögur hafi komið til nefndarinnar.

Fundarstjóri býður formann íþróttanefndar að koma í pontu og gera grein fyrir nefndarstörfum.

Júlíus Jónsson, formaður *íþróttanefndar*, lagði fram tillögu að mótadagskrá sumarsins frá íþróttanefnd.

Tillaga að mótadagskrá sumarsins 2018:

- 14. júní (fimmtudagur) - Götuhlaup HSS og Hólmadrangs á Hólmavík
- 28. júní - Polla- og þæjumót á Skeljavíkurgundum+
- 28.-30. Júní (Hamingjudagar) Golfmót
- 13.-15. Júlí – Landsmót 50+
- 21. júlí – Héraðsmót í frjálsum íþróttum
- 3.-6. ágúst – Unglingalandsmót UMFÍ í Þorlákshöfn
- 9. ágúst (þriðjudagur) – Barnamót HSS á Drangnesi

Íþróttanefnd leggur til að haldið verði sundmót og skákmót ef eitthvað aðildarfélag myndi vilja taka það að sér.

Samþykkt

Fundarstjóri býður formanni Fjárhagsnefndar að koma og gera grein fyrir nefndaráli.

Ragnar Bragason formaður *Fjárhagsnefndar* gerir grein fyrir Rekstraráætlun 2018.

Gert er ráð fyrir að tekjur verði 3.925.000 kr og gjöld 4.419.000 kr. Að tap verði 494.000 kr

Rekstraráætlun er *samþykkt samhljóða*.

Fjárhagsnefnd leggur til eftirfarandi tillögu:

Að umsóknarfrestur í sérsjóð HSS verður framlengdur til 1.7.2018 v úthlutunarárs 2018.

Samþykkt samhljóða

Stjórnir, ráð og nefndir

Aðalmenn í stjórn samkvæmt tillögu uppstillingarnefndar væru Jóhann Björn Arngrímsson sem formaður, Ragnar Kristinn Bragason sem gjaldkeri, Eiríkur Valdimarsson sem varaformaður, Hrafnhildur Þorsteinsdóttir sem ritari og Guðbjörg Hauksdóttir sem meðstjórnandi. Varamenn væru Bjarnheiður Júlía Fossdal, Júlíus Jónsson, Ingi Vífill Ingimarsson og Finnur Ólafsson.

Gengið til atkvæða um tillögu. *Stjórn og hlutverk þeirra innan stjórnar samþykkt með lófaklappi.*

Mótaráð:

Júlíus Jónsson

Aðalbjörg Óskarsdóttir

Ragnheiður B. Guðmundsdóttir

Til vara:

Eggert Kristjánsson

Barbara Guðbjartsdóttir

Tillagan samþykkt samhljóða

Frjálisíþróttaráð:

Viktoría Ólafsdóttir

Sigríður Drífa Þórólfsdóttir

Birna Ingimarsdóttir

Til vara:

Hrafnhildur Þorsteinsdóttir

Bjarnheiður Fossdal

Tillagan samþykkt samhljóða

Unglingalandsmótsnefnd:

Eiríkur Valdimarsson

Barbara Guðbjartsdóttir

Egill Victorsson

Tillagan samþykkt samhljóða

Skoðunarmenn reikninga:

Þorsteinn Sigfússon

Ingimundur Pálsson

Til vara:

Signý Ólafsdóttir

Ólafur Ingimundarson

Tillagan samþykkt samhljóða

12. Önnur mál

Jóhann Björn þakkar traustið og býður fundarmönnum að orðið sé laust í önnur mál.

Óskar Torfason steig í pontu og þakkaði Vigni Pálssyni góð störf á liðnum árum og óskar honum góðs gengis.

Vignir Pálsson þakkar fyrir góð ár og samstarf á liðnum árum. Það er mjög gott að hafa samstarf við önnur félög enda vantar t.d. Vestramönnum líka mannskap. Hann óskaði nýrri stjórn góðs gengis.

Vignir veitti eftirfarandi verðlaun:

Efnilegasti íþróttamaður HSS 2017 : Friðrik Heiðar Vignisson

Íþróttamaður ársins HSS 2017 : Jón Eðvald Halldórsson

Verðlaun fyrir vel unnin störf : Hlaupahópurinn Margfætlunar fyrir að vera góðar fyrirmyndir og að auka veg hlaupa á svæðinu.

Var verðlaunahöfum klappað lof í lófa.

Fundarstjóri þakkar fyrir sig og gefur Vigni orðið.

Vignir þakkar starfsmönnum þingsins og fundarmönnum fyrir gott þing og ungmennafélaginu Gretti fyrir veitingarnar.

Þingi slitið kl. 22:20.

Aðalbjörg Óskarsdóttir

Harpa Óskarsdóttir